

Mótun háskólastefnu

Síðustu ár hefur athygli menntamálaráðuneytisins í skólamálaum ekki síst beinst að fyrstu þremur skólastigum: leikskólum, grunnskólum og framhaldsskólum. Nýjum lögum um öll þessi skólastig hefur verið hrundið í framkvæmd, ný skólastefna mótuð og nýjar námskrár fyrir þessi skólastig tekið gildi.

Ný lög um háskólastigið voru einnig samykkt á síðasta kjörtímabili. Kennaraháskóli Íslands tók á sig nýja mynd með sameiningu fjögurra skóla undir merkj-

hann settur í fyrsta sinn 10. september 1999. Um þessar mundir er unnið að því að færa tækninám á háskólastig. Hefur Samtökum iðnaðarins og Alþýðusambandi Íslands verið veitt umboð til að vinna að útfærslu eigin tillagna um að taka að sér rekstur Tækniskóla Íslands og stýra honum upp á háskólastig.

Tekist hefur samkomulag við Háskóla Íslands um fjárgreiðslur til hans úr ríkissjóði á grundvelli reiknilíkans. Markar þetta samkomulag þáttaskil í fjárhagslegum samskiptum skólans við

Háskólar ómetanlegir aflvakar

Hér hefur verið vikið að nokkrum mikilvægum grundvallaratriðum er snerta ytri umgjörð háskólastarfs. Hitt er ekki síður mikilvægt að átta sig á stöðu háskólanna í íslensku samfélagi og alþjóðlegu umhverfi, en hvort tveggja tekur örur breytingum. Háskólamenntun, rannsóknir og þróun skipta sköpum í samkeppni þjóða og fyrir markmið þjóðfélaga. Við setningu Listaháskóla Íslands benti Hjálmar H. Ragnarsson, rektor hans, á að skólinn yrði nýr aflvaki íslenskrar menningar og lista. Háskólarnir eru allir ómetanlegir aflvakar, hver á sínu sviði.

Háskólaþing í febrúar

Á næstunni mun menntamálaráðuneytið beina athyglinni að háskólastiginu. Ákveðið hefur verið að efna til sérstaks þings á vegum ráðuneytisins um háskóla í febrúar árið 2000. Þar á að ræða ýmis mikilvægustu málefni háskólasamfélagsins og er ætlunin að fá til

þess sérfróða menn bæði innan lands og utan.

Gerjun íslenska skólakerfisins er ekki lokið og lýkur í raun aldrei á tímum örtra breytinga.

Björn Bjarnason



Ljósm. Teitur

Listaháskóli Íslands var settur í fyrsta sinn við hátíðlega athöfn á Kjarvalsstöðum hinn 10. september sl. Nemar í Leiklistaskóla Íslands fluttu leikþátt sem þeir sömdu sjálfir og byggðu á Prymskviðu.

um hans. Starfsleyfi voru gefin út fyrir Samvinnuháskólann á Bifröst og Viðskiptaháskólann í Reykjavík. Ný lög voru samykkt um Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri og starfsleyfi var gefið út fyrir Listaháskóla Íslands og

ríkisvaldið. Verður næst unnið að því að semja um rannsóknáþáttinn í starfi skólans. Þá verður þetta samkomulag lagt til grundvallar í fjárhagslegum samskiptum við aðra háskóla, hvort heldur þeir eru ríkisreknir eða einkaskólar.

Valfrjáls samræmd lokapróf fyrir nemendur í 10. bekk grunnskóla vorið 2001

Menntamálaráðherra leggur fram á Alþingi haustið 1999 frumvarp til breytinga á grunnskólalögum, sem heimila valfrelsi við töku samræmdra prófa. Þá er enn fremur í frumvarpinu lagt til að frestur til einsetningar grunnskóla verði

framlengdur í samræmi við óskir Sambands íslenskra sveitarfélaga til 1. september 2004. Samræmd lokapróf í 10. bekk grunnskóla verða valfrjáls fyrir nemendur í fyrsta skipti vorið 2001, verði frumvarpið samþykkt. Markmiðið með slíku valfrelsi er að auka ábyrgð nemenda á eigin námi og um leið vera viðmið um inntöku nemenda í framhaldsskóla. Prófað verður í fjórum námsgreinum, þ.e. dönsku, ensku, íslensku og stærðfræði.

Unnið er að því að skilgreina inntökuskilyrði í framhaldsskóla, sbr. 15. gr. laga nr. 80/1996 um framhaldsskóla, sem taka munu gildi frá og með skólaárinu 2001-2002. Stefnt er að því að regl-

urnar verði tilbúnar í desember nk. Skólar fá sendar reglurnar um leið og þær verða tilbúnar.

Fjölgun samræmdra lokaprófa úr fjórum prófum í sex, kemur fyrst til framkvæmda vorið 2002. Þá er gert ráð fyrir að próf í náttúrufræði- og samfélagsgreinum standi nemendum einnig til boða.

Fjöldi og fyrirkomulag samræmdra lokaprófa í 10. bekk í grunnskóla verður með óbreyttu móti vorið 2000, sbr. bréf ráðuneytisins þar um og bréf Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála um uppbyggingu samræmdra lokaprófa í 10. bekk sem sent var öllum grunnskólum með 10. bekk síðastliðið vor.



Á degi símenntunar hinn 28. ágúst tók Fræðslumiðstöð Suðurlands formlega til starfa með hátíðlegri athöfn sem fór fram í Fjölbrotaskóla Suðurlands á Selfossi að viðstöddum menntamálaráðherra Birni Bjarnasyni og eiginkonu hans Rut Ingólfsdóttur. Þennan sama dag voru tvær aðrar fræðslumiðstöðvar stofnaðar á Vestfjörðum og í Þingeyjarsýslum. Framhaldsskólar og háskólar koma að starfi þessara miðstöðva með sveitarfélögum og aðilum vinnumarkaðarins. Alþingi samþykkti fjarveitingar til þessa nýmælis í fyrsta sinn á þessu ári.

Breytingar á framhaldsskólalögum

Menntamálaráðherra flytur á Alþingi frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 80/1996 um framhaldsskóla. Frumvarpið felur í sér eftirgreindar meginbreytingar á núgildandi löggjöf.

1. Kennarar sem ráðnir eru í störf aðstoðarskólameistara fá sambærilegan rétt til leyfis frá kennarastörfum og þeir kennarar sem ráðnir eru í embætti skólameistara.
2. Fornám í framhaldsskólum verði skipulagt innan almennrar námsbrautar framhaldsskóla.
3. Menntamálaráðherra verði veitt heimild til þess að ákveða með reglugerð hvaða lokapróf framhaldsskóla skuli vera samræmd.
4. Skipan starfsgreinaráða verði ákveðin með reglugerð þ.m.t. hver fjöldi fulltrúa skuli vera í starfsgreinaráðum og hvernig tilnefningum skuli vera háttað. Við skipan starfsgreinaráða verði tekið tillit til hagsmuna þeirra starfsgreina sem ekki njóta þegar fræðslu á framhaldsskólastigi.
5. Lögbundinn frestur til þess að framkvæma framhaldsskólalögin verði framlengdur um tvö ár til þess að undirbúa betur framkvæmd laganna t.d. framkvæmd samræmdra prófa.

Fréttabréf menntamálaráðuneytis,
9. árg. 3. tbl. október 1999
Ábyrgðarmaður: Guðríður Sigurðardóttir
Ritstjóri: Kristín Jónsdóttir
Útlitshönnun: Fiton • hh
Útg. menntamálaráðuneytið,
Sölvhólgötu 4, 150 Reykjavík
Netfang: postur@mnr.stjr.is
Veffang: www.mnr.stjr.is
Prentun: Ísafold



Flokkar sora og kanna orkunotkun

Mikil umræða hefur verið um mikilvægi þess að nemendur tileinka sér möguleika tölvutækninnar í námi. Vegna skorts á tölvukennurum hafa sumir skólar farið óhefðbundnar leiðir við að innleiða tölvur í skólastarfi. Einn þessara skóla er Grunnskólinn Eyrarsveit, Grundafirði sem hefur gert samning við Framtíðarbörn. Við spyrjum Hugrúnu Elfsdóttur tölvukennara við skólann hvernig það hafi komið til.

„Ég fregnaði að Digranesskóli hefði gert samning við Framtíðarbörn og þar væru kennarar mjög ánægðir með samstarfið og fyndist skemmtilegt að vinna í anda þessarar hugmyndafræði. Í kjölfarið hringdi ég í nokkra aðra skóla til að kynna mér reynslu þeirra. Svörin voru öll á einn veg. Kennarar voru mjög ánægðir með þessa leið í tölvukennslu og fannst hún falla vel að aðalnámsskrá grunnskóla. Tæpum þremur vikum eftir að ég heyrdi fyrst um þennan möguleika var búið að undirrita samning og farið að kenna eftir þessu kerfi.“

Krakkarnir skipuleggja íþróttahátíð

Framtíðarbörn eiga rætur að rekja til Bandaríkjanna og hafa verið starfrækt hér á landi síðan 1997. Námsfnið miðar að því að kenna börnum og unglingum hvernig tölvan nýtist við lausn ýmissa verkefna.

Í samningnum við Framtíðarbörn fylgir handbók fyrir kennara, verkefni á disklingum og skjöl sem nemendur vinna með á tölvum sínum. Námsfnið er allt þýtt á íslensku og aðlagð að íslenskum aðstæðum eftir þörfum. Einnig veitir fyrirtækið almenna þjónustu eftir því sem á þarf að halda. En hvernig er námið byggt upp?

„Námið byggist upp á þemaverkefnum sem hvert tekur sjö vikur. Meðal verkefna má nefna tækni, íþróttir og vistfræði. Í íþróttabemanu skipuleggja krakkarnir íþróttahátíð, setja upp dagskrá, senda út boðskort og hanna viðurkenningarskjal.“

Vistfræðipemað er sérstaklega áhugavert. Þar er mikið fjallað um sjálfbæra þróun, hvernig á að flokka sora, kanna orkunotkun o.fl.“

Framtíðarbörn

Verulegur árangur í samvinnu nemenda

Nemendur vinna tveir og tveir saman við hverja tölvu enda er það eitt af markmiðunum að þjálfar nemendur í því að tjá sig um verkefni, hjálpast að og taka sameiginlegar ákvarðanir við úrvinnslu þeirra. Ég sé þegar verulegan árangur í samvinnu nemenda. Sérstaklega í yngstu bekkjunum. Þau vita að þau eiga að skiptast á að vinna við tölvuna og að þeir sem kunna meira eiga að hjálpa hinum sem minna kunna. Þetta tel ég einn aðalkostinn.

Ef tölvukennarinn og umsjónarkennarinn vinna saman, sem ég tel besta fyrirkomulagið, er hægt að samþætta tölvukennsluna inn í nánast allt námsfni. Tölvukennari er lítið inni í bekk og tekst því ekki nógu vel að samþætta tölvunotkun við námsfnið.

Nemendur vinna með umbrotsforrit og þegar þeir eiga að semja sögur í íslensku geta þeir sett þær upp til útgáfu. Í vistfræðinni vinna þau með hnitakerfi, búa til súlur og skífur sem tengist beint inn í stærðfræðikennslu. Það kemur sér vel því alþjóðasamanburður hefur sýnt að íslensk börn eru ekki nógu dugleg að lesa úr gröfum. Ég tel að þessi leið sé framtíðin í tölvukennslu.

Ég tel það einnig mikinn kost að umsjónarkennarar eiga auðvelt með að tileinka sér þessa kennslu hvort sem þeir kunna á tölvu eða ekki því námsfnið er matreitt ofan í mann skref fyrir skref.

Það vantar líka námsfni í upplýsinga- og tæknimennt. Gæti þetta námsfni nýst vel þar. Umsjónarkennarar voru hræddir við þetta fyrst og vildu ekki kenna þetta sjálfir en í mörgum skólum sjá umsjónarkennarar núna um þessa kennslu”, sagði Hugrún að lokum.

BARNAMENNINGARSJÓÐUR:

Gróska í barnamenningu

Mikil gróska virðist vera í málefnum barna og unglinga á sviði lista og annarrar menningarstarfsemi ef miðað er við fjölda umsókna sem berast stjórn Barnamenningsráðs á ári hverju. Að þessu sinni bárust umsóknir um 48 verkefni og samtals var óskað eftir styrkjum að fjárhæð rúmar 15 millj.kr. Til ráðstöfunar voru 2 millj.kr. og ákvað sjóðsstjórn að veita styrki til 19 verkefna. Fjárhæð styrkja var 40-230 þús.

Innan við 10% af þeim sem stunda tölvunám innan Evrópusambandsins eru konur

George Metakides framkvæmdastjóri deildar Evrópusambandsins sem hefur umsjón með stuðningi ESB við tækniþróun í þágu upplýsingasamfélagsins (Information Society Technologies at our Service), sótti menntamálaráðuneytið heim 6. ágúst síðastliðinn. Hann átti viðræður við Björn Bjarnason menntamálaráðherra og sat kynningarfund með aðilum frá forsætisráðuneytinu, menntamálaráðuneytinu, Rannsóknarráði Íslands og Háskóla Íslands sem kynntu fyrir honum þróun og horfur í upplýsingatækni á Íslandi.

Evrópuþinginu umbhugað um stöðu lítilla málsamfélaga

Metakides lýsti yfir áhuga á samstarfi við íslensk stjórnvöld um tungutækni vegna íslenskunnar og tungur annarra fámennra þjóða. Taldi hann þróunina innan upplýsingatækni vera í átt að auknum

fjölbreytileika, t.d. hefði notkun annarra tungumála en ensku á Netinu aukist á síðustu árum úr 5% í rúm 30%. Einnig benti hann á að Evrópuþinginu væri sérstaklega umhugað um stöðu tungumála

Sögu þar sem hann fjallaði um horfur í upplýsingatækni. Hann kom víða við, en einkum vakti athygli spá hans um að brátt gætu menn átt fjarræn samskipti, t.d. í gegnum síma, við heimilistækni. Á



Vilhjálmur Lúðvíksson framkvæmdastjóri Rannís, Georg Metakides frá Evrópusambandinu og Guðrīður Sigurðardóttir ráðuneytistjóri.

fámennra þjóða eða þjóðarbrotta og að þar væri vettvangur þar sem áhugi væri á að kynnst reynslu og stefnu Íslendinga.

Formlegri heimsókn Metakides lauk svo með hádegisverðareri á Hótel

alvarlegri nótum var t.d. rætt um stöðu kynjanna í tölvunámi en í úttekt sem Evrópusambandið lét gera kom í ljós að af þeim sem stunda tölvunám eru konur að meðaltali innan við 10%.

Launasjóður fræðiritahöfunda

Menntamálaráðherra hefur skipað stjórn Launasjóðs fræðiritahöfunda sem starfar samkvæmt reglum nr. 268/1999 frá 12. apríl sl.

Í stjórn Launasjóðs fræðiritahöfunda eiga sæti dr. Stefanía Óskarsdóttir formaður og dr. Friðrik H. Jónsson, varaformaður, skipuð af menntamálaráðherra, Haraldur Bessason fyrrverandi háskólaræktor, varamaður Hallgerður Gísladóttir cand.mag., tilnefnd af Hagþenki - félagi höfunda fræðirita og kennslugagna og Sverrir Tómasson fræðimaður, varamaður Áslaug Helgadóttir deildarstjóri, tilnefnd af Rannsóknarráði Íslands.

Stjórn sjóðsins úthlutar árlega starfslaunum úr sjóðnum til hálfis árs, eins árs, tveggja ára eða þriggja. Rétt til að sækja um starfslaun úr sjóðnum hafa höfundar alþýðlegra fræðirita, handbóka, orðabóka og viðamikils upplýsingaefnis á íslensku í ýmsu formi.

Stjórnin mun setja nánari reglur um úthlutun úr sjóðnum. Aðsetur sjóðsins verður hjá Rannsóknarráði Íslands, Laugavegi 13, 101 Reykjavík.

Nýtt Þjóðleikhúsráð

Menntamálaráðherra hefur skipað þjóðleikhúsráð, sem starfar samkvæmt 7. gr. leiklistarlaga nr. 135/1998, sem öðluðust gildi 23. desember 1998.

Samkvæmt nýjum lögum er þjóðleikhúsráð skipað fimm mönnum. Ráðið er skipað til fjögurra ára í senn, þó þannig að starfstími þeirra fulltrúa sem skipaðir eru án tilnefningar takmarkast við embættistíma ráðherrans sitji hann skemur.

Í þjóðleikhúsráði eiga sæti Matthías Johannessen ritstjóri, formaður, Haraldur Ólafsson prófessor, varaformaður og Kristín Ástgeirsdóttir fyrrverandi alþingismaður, skipuð án tilnefningar, Jóhann Sigurðarson leikari, tilnefndur af Félagi íslenskra leikara og Þórhallur Sigurðsson leikstjóri, tilnefndur af Félagi leikstjóra á Íslandi.

Varamenn eru Sigrún Hjálmtýsdóttir söngkona, Jón Karl Helgason bókmenntafræðingur og Hjörtur Pálsson skáld, skipuð án tilnefningar, Guðmundur Ólafsson leikari, tilnefndur af Félagi íslenskra leikara og Viðar Eggertsson leikstjóri, tilnefndur af Félagi leikstjóra á Íslandi.



Símenntun á Norðurlandi vestra

-Hvað er símenntunarmiðstöð og fyrir hverja?

Símenntunarmiðstöð er stofnun sem skapar eigið námsframboð, kaupir að námskeið og dreifir og miðlar á sínu starfssvæði eftir þeim þörfum og væntingum sem ríkjandi eru á svæðinu meðal almennings, stofnana og fyrirtækja.

Í rannsóknnum á viðhorfum fólks til búsetu sinnar og áformnum um búferlaflutninga kemur fram að fólk metur menntunartækifæri mikils og hafa símenntunarmiðstöðvar á landsbyggðinni reynt að svara þessari þörf fólks fyrir sífella menntun. Vegna fámennis, kostnaðar og landfræðilegra erfiðleika hefur verið lögð áhersla á fjarkennsluform sem ódýra og hentuga aðferð.

-Er símenntun það sem koma skal?

Í nútímasamfélagi breytast hlutirnir hratt og því er fráleitt að hægt sé að ljúka menntun á fyrsta fjórðungi ævinnar og ætlast til þess að sú menntun dugi til æviloka. Við á Norðurlandi vestra höfum tapað hundruðum starfa í frumframleiðslugreinum í landbúnaði og sjávarútvegi á síðastliðnum áratug. Til þess að geta skapað eitthvað nýtt í staðinn og tekið á við breytt umhverfi verður fólk að hafa tækifæri til að afla sér nýrrar þekkingar og

kynnast nýjum hlutum. Þess vegna er mikilvægt að sífellt séu í boði menntunartækifæri sem miðla nýjum viðfangsefnum. Til dæmis að taka er það mikil breyting að hætta að flaka þorsk en þjónusta í staðinn erlenda ferðamenn. Í mörgum tilfellum er nauðsynlegt að afla sér nýrrar þekkingar til þess að takast á við svo mikla breytingu í starfi.

-Skiptir símenntun meira máli í dreifbýli en þéttbýli?

Í dreifbýli skiptir meginmáli að finna leiðir til að takast á við breytingar sem m.a. eiga sér stað í frumframleiðslunni. Þessar leiðir verða að finnast áður en heilu samfélögin hverfa. Símenntun er eitt tækið í viðleitni smærri staða til að verjast hruni og skapa ný tækifæri. Í þingsályktun um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1998 - 2001 segir m.a. að menntun á landsbyggðinni verði stórefld og komið verði á samstarfi atvinnulífs og skóla á landsbyggðinni um endur- og símenntun og stuðlað að því að allir fái tækifæri til að afla sér nýrrar þekkingar, meðal annars í samræmi við breytingar í atvinnuháttum.

Um þetta þarf ekki meira að tala eða funda, nú þarf bara að bretta upp ermarnar og framkvæma það sem búið er að samþykka að gera, sagði Hörður að lokum.

Á undanförunum árum hefur hugtakið símenntun orðið stöðugt fyrirferðarmeira í umræðum um menntamál. Á Norðurlandi vestra hefur verið efnt til verkefnis sem gengur undir nafninu Samstarfsverkefni um fjarkennslu á Norðurlandi vestra. Aðilar að því verkefni eru Fjölbautaskólinn á Norðurlandi vestra, Hólaskóli og miðstöð um símenntun á svæðinu.

Hörður Ríkhartsson hjá Iðnþróunarfélagi Norðurlands vestra, einn af upphafs- og hvatamönnum þessa samstarfs var spurður um markmið samstarfsins.

Markmiðið er að gera íbúum Norðurlands vestra kleift að leggja stund á hvers konar nám með sérstakri áherslu á fjarkennslu og símenntun. Meðal verkefna sem unnið hefur verið að má nefna; nám til meistaraéttinda fyrir iðnaðarmenn, nám á ferðamálabraut, nám fyrir starfsfólk samþýla fyrir fatlaða og samstarf við háskóla í Noregi um þróun fjarnáms á sviði fiskeldis.

-Hvað er átt við með hugtakinu símenntun?


Símenntun felur í sér nýtt viðhorf til menntunar, þar sem einstaklingar miða ekki lengur við að ljúka námi í eitt skipti fyrir öll heldur gera ráð fyrir því að menntun sé ferli sem vari allt lífið. Enda er líklegt að í framtíðinni verði næsta ómögulegt að afla sér þekkingar til nokkurs starfs sem endist út ævina. Störf úreldest og fólk þarf að takast á við ný verkefni og til þess þarf þjálfun.

Ljósm. Bétra



Brigitte Mabanlla aðstoðarráðherra menningar-, tekni- og vísindamála Suður í Afríku dvaldist hér á landi í byrjun september í boði Björns Bjarnasonar menntamálaráðherra og Norrænu ráðherranefndarinnar. Kom hún hingad í tilefni af verkefninu Shuttle '99 gagnkvæmu samstarfsverkefni í menningu og listum milli S-Afríku og Norðurlandanna. Björn Bjarnason fór síðan til S-Afríku um miðjan september sem formaður norrænnar sendinefndar vegna verkefnisins, sem fékk menningarverðlaun við hátíðlega athöfn í Höfðaborg.

Fjölmiðlun og menning



Hagstofa Íslands hefur sent frá sér bækling um fjölmiðlun og menningu á Íslandi.

Fjölmiðlun og menning hefur að geyma tölulegan fróðleik um fjölmiðla og menningarmál. Sumt hefur ekki birist áður eða verið óaðgengilegt. Í inngangi er gerð grein fyrir efni og efnistöfum. Í ritinu eru tölur allt frá síðustu aldamótum til ársins 1999. Öllum töflum fylgir skýringatexti á ensku.

Meðal efnis eru tölur um útgáfu bóka, blaða og tímarita, hljóðrita og myndbanda,

leik- og myndlistarsýningar, tónleika, kvikmyndir, almenningsbókasöfn og minjasöfn, hljóðvarp og sjónvarp, síma og nýmiðla, auglýsingar, samtök fjölmiðlafólks og listamanna, menningarsjóði og styrkveitingar úr þeim.

Ennfremur eru upplýsingar um opinber útgjöld til menningarmála, yfirlit yfir nokkrar helstu hagstærðir á sviði fjölmiðlunar og menningarstarfs og margvíslegur fjölþjóðlegur samanburður.

Fjölmiðlun og menningu er ætlað að vera uppláttarrit í tölum um fjölmiðla og menningu og heimildagrúnnur fyrir rannsóknir á íslenskum fjölmiðlum, listum og menningu.

EV R Ó P U M E R K I Ð V E I T T Í F Y R S T A S I N N Á Í S L A N D I

Viðurkenning fyrir nýbreytniverkefni á sviði tungumálanáms og -kennslu

Evrópumerkið (European Label), sem er viðurkenning á vegum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins fyrir nýbreytniverkefni á sviði tungumálanáms og -kennslu var veitt í fyrsta sinn hér á landi hinn 4. júní sl. við athöfn í menntamálaráðuneytinu.



Myndin er tekin við veitingu Evrópumerkisins. Talið frá vinstri: Guðríður Sigurðardóttir ráðuneytisstjóri, Eyjólfur Már Sigurðsson, Samuel Lefever, Valfríður Gísladóttir, Þórhildur Oddsdóttir, Þórdís Magnúsdóttir, Brynhildur Ragnarsdóttir og Ágústa P. Ásgeirsdóttir.

Veiting Evrópumerkisins er í höndum hvers þátttökulands en ákveðinni samræmingu hefur verið komið á um framkvæmd, s.s. um sameiginleg evrópsk viðmið. Dómnefnd ákvað að veita þremur verkefnum Evrópumerkið árið 1999. Þessi verkefni eru:

- Stýrt sjálfsnám í tungumálum. Umsjón: Eyjólfur Már Sigurðsson, Tungumála-

miðstöð Háskóla Íslands. Verkefnið nær til dönsku, frönsku, þýsku og spænsku. Um er að ræða einstaklingsmiðað tungumálanám fyrir alla nemendur Háskóla Íslands þar sem áhersla er lögð á sjálfstæði í námi og notkun nýrra miðla. Jafnframt eru aðstæður til skapandi málnotkunar undir leiðsögn kennara, s.s. með samtalstímum sem byggja á fjölmiðlaefni, ferlisritun með notkun tölva og gagnvirkri ritun í tölvupósti og á spjallrásum.

• Tungumál iðngreina í Hótel og matvælskólanum. Umsjón: Samuel Lefever, Valfríður Gísladóttir, Þórdís Magnúsdóttir og Þórhildur Oddsdóttir, Menntaskólanum í Kópavogi. Verkefnið nær til dönsku, ensku og frönsku. Um er að ræða starfstengt tungumálanám til að auka færni nemenda í starfi á innlendum og erlendum vettvangi. Áhersla er m.a. lögð á virka talþjálfun

við raunverulegar faglegar aðstæður. Nemendur og kennarar vinna m.a. með efni af Netinu, margmiðlunardiskum og kynningarmyndböndum.

- Danska fyrir þátttakendur í norrænu samstarfi og viðskiptum. Umsjón: Ágústa P. Ásgeirsdóttir, Bertha Sigurðardóttir og Brynhildur Ragnarsdóttir, Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands og Norrænu tungumálaráðgjöfinni. Verkefnið tekur til átta vikna námskeiðs fyrir starfsmenn í stjórn-sýslu, einkafyrirtækjum og félagasamtökum. Áhersla er lögð á þjálfun munnlegrar færni þátttakenda til að þeir geti orðið virkir í samskiptum við norrænar þjóðir með sérstöku tilliti til þátttöku á fundum. Notað er m.a. efni af Netinu, blaðagreinar og fréttæfni af hljóð- og myndböndum.

Auglýst hafði verið eftir umsóknum um viðurkenninguna og bárust alls 12 umsóknir. Innlend dómnefnd, skipuð af menntamálaráðherra, lagði mat á umsóknir. Í dómnefndinni eiga sæti fulltrúar frá Samtökum tungumálakennara á Íslandi, Kennaraháskóla Íslands, Háskóla Íslands, auk fulltrúa ráðuneytisins.

Lokaskýrsla um evrópskt tilraunaverkefni

Menntamálaráðuneytið átti aðild að tilraunaverkefni á vegum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um mat á skólastarfi sem skipulagt var innan Sókratesáætlunarinnar á skólaárinu 1997-1998. Verkefninu lauk formlega í nóvember á síðasta ári. Tveir íslenskir framhaldsskólar, Menntaskólinn við Sund og Fjölbrautaskóli Suðurlands á Selfossi, tóku þátt í verkefninu, en alls tók 101 skóli í 18 löndum þátt í verkefninu.

Lokaskýrsla framkvæmdastjórnar ESB um tilraunaverkefnið hefur nú verið birt. Höfundar skýrslunnar eru hugmyndafræðingar og skipuleggjendur tilraunaverkefnisins af hálfu framkvæmdastjórnarinnar. Einn þeirra, John MacBeath, er mörgum íslenskum skólamönnum kunnur, m.a. vegna tveggja heimsóknna hingað til lands á árinu 1998, en hann var fyrirlesari á ráðstefnu Háskólans á Akureyri um gæðastarf í menntakerfinu og hélt einnig námskeið í félagsvísindadeild Háskóla Íslands.

Í skýrslunni er að finna lýsingu og greiningu á markmiðum, skipulagi, stjórnun, aðferðum og framkvæmd tilraunaverkefnisins. Almennar niðurstöður eru þær að tilraunaverkefnið hafi tekist vel og að það feli í sér möguleika til frekari þróunar á sjálfsmati í einstökum þáttökulöndum og í samvinnu Evrópuríkja. Í skýrslunni er birt yfirlýsing frá lokaráðstefnu tilraunaverkefnisins í Vín í nóvember 1998. Yfirlýsingin er áskorun til skóla, stjórnvalda, framkvæmdastjórnar ESB og annarra hagsmunaaðila um að vinna markvisst að eflingu sjálfsmats í skólastarfi.



Fulltrúar Menntaskólans við Sund að kynna verkefni sitt á lokaráðstefnu tilraunaverkefnisins um mat á gæðum skólastarfs í Vín.

Lokaskýrslan er birt á heimasíðu tilraunaverkefnisins: <http://www.europa.eu.int/en/comm/dg22/poledu/indb-en.html>

Þess má geta að annar íslensku þáttökuskólanna (FSu) er nú orðinn stýriskóli í evrópsku samstarfsverkefni um sjálfsmat skóla innan Comeniusarhluta Sókratesáætlunarinnar, en framkvæmdastjórn ESB hefur hvatt til þess að aðferðir tilraunaverkefnisins og reynslan af því breiðist þannig út til fleiri skóla. Unnið er að því að hinn íslenski þáttökuskólinn (MS) geti einnig orðið stýriskóli með sama hætti.

D A G U R S Í M E N N T U N A R

Öflug grunnmenntun forsenda símenntunar

Dagur símenntunar var haldinn víða um land laugardaginn 28. ágúst. Að hluta var dagskráin samræmd þar sem staðirnir voru tengdir saman á Netinu með fjarfundabúnaði. Margir fyrirlestrar voru fluttir um ýmsa þætti símenntunar, námsframboð kynnt á markaðstorgi, boðið upp á stuttar kennslustundir, námsráðgjöf o.fl.

Forseti Íslands setti dagskrána og gerði hann breytt eðli menntunar að umfjöllunarefni í ávarpi sínu. Menntamálaráðherra lagði í ávarpi sínu áherslu á nýtt viðhorf til menntunar og að símenntun væri

ein veigamesta stoð þekkingarþjóðfélagsins. Hann sagði: „Þegar rætt er um símenntun er ekki verið að lýsa menntakerfinu heldur þjóðfélaginu, hvort þar sé almennur áhugi á menntun eftir skóla.“ Hann lagði mikla áherslu á mikilvægi upplýsingatækni við allt nám.

Í lok ávarps síns sagði ráðherra: „Öflug grunnmenntun í nútímalegu skóla-kerfi, þar sem upplýsingatækni er nýtt til hins ýrasta, er mikilvægt framlag til að styrkja almennar forsendur símenntunar. Árangurinn ræðst af viðbrögðum hvers og eins og þjóðfélagsins alls. Þar skiptir

máli, að símenntunin sé metin að verðleikum á hinum almenna vinnu- og markaði bæði þegar ráðið er í störf og litið í laun- og umslag. Afrakstur menntunar, rannsóknna og vísinda bætir hag einstaklinga, fyrirtækja og þjóðarþúsins í heild. Aukin áhersla á þessa þætti er forsenda þess, að íslensku þjóðinni vegni vel á 21. öldinni.“

Öll framkvæmd á deginum var í höndum MENNTAR. Verður lagt mat á hvernig til hefur tekist með framkvæmdina og lagðar línur um það hvernig standa megi að degi símenntunar að ári.

Samningur við Háskóla Íslands um kennslu

Menntamálaráðherra Björn Bjarnason, fjármálaráðherra Geir H. Haarde og Páll Skúlason rektor Háskóla Íslands undirrituðu sérstakan samning um kennslu við Háskóla Íslands hinn 6. október sl.

Samningurinn, sem unnið hefur verið að í hartnær 5 ár, tekur til fjárveitinga til rekturs Háskóla Íslands vegna kennslu nánar tiltekið um kennslu til fyrsta háskólaprófs, embættisprófs og meistaraþrófs og fjárhagsleg samskipti, samkvæmt heimild í 1. mgr. 19. gr. laga nr. 136/1997 um háskóla. Með undirritun hans hafa samningsaðilar náð sameiginlegri niðurstöðu um fjárveitingar til kennslu við Háskóla Íslands og markað skýra umgjörð um samskipti ríkisstjórnarinnar og Háskóla Íslands. Um leið hefur verið lagður grunnur að samskonar árangursstjórnunarsamningum við aðra háskóla.

Framlög til Háskóla Íslands bækknuð

Samningurinn tryggir rekstrargrundvöll háskólans þannig að hann sé svipaður og hjá sænskum og dönskum háskólum með sambærilegt hlutverk, enda mun skólinn

leitast við að fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru í sama námi hjá viðmiðunarskólum. Fjárlög ársins 2000 byggjast á áætlun Háskóla Íslands um nemendafjölda og dreifingu kostnaðar við nám. Hækkun framlaga vegna kennslu er samkvæmt samningnum áætluð 246 m.kr. á verðlagi fjárlaga 1999. Um rannsóknir í Háskóla Ís-



Á myndinni er Geir Haarde fjármálaráðherra, Björn Bjarnason menntamálaráðherra og Páll Skúlason rektor við Háskóla Íslands að undirrita samning um kennslu við Háskóla Íslands í ráðherrabústaðnum.

lands verður gerður sérstakur samningur á grundvelli sameiginlegrar yfirlýsingar menntamálaráðherra og rektors HÍ.

Í tengslum við gerð samningsins gaf menntamálaráðherra einnig út reglur um fjárveitingar til háskóla samkvæmt 20. gr. laga nr. 136/1997. Reglur þessar mynda ramma reiknilíkans sem ákvarða mun fjárveitingar til háskóla með sambærilegum hætti og til framhaldsskóla. Reglurnar gera ráð fyrir því að ríkissjóður greiði hverjum

háskóla, sem semur við menntamálaráðuneytið, árlegt framlag, nemendaframlag, vegna sérhvers nemanda sem stundar nám til viðurkenndra námsloka. Fullt nám er 30 einingar á námsári.

Kennslukostnaður skilgreindur

Samkvæmt reglum menntamálaráðuneytis er nemendaframlag mishátt eftir námsbrautum. Byggist það á forsendum um umfang og gæði þjónustu, húsnæði og annan aðbúnað í háskóla. Nemendaframlagi er ætlað að standa undir öllum venjulegum kostnaði skóla vegna kennsluþáttarins í rekstri hans meðal annars kennslu, þjónustu, húsnæði, búnaði og annari aðstöðu sem nemendum og starfsmönnum skólans er látin í té vegna námsins og kennslunnar.

Nemendaframlagi er skipt í 7 námsflokka. Nemendaframlög eru allt frá 267 þús. kr. eftir námsflokk upp í 1.477 þús. kr. Þá er framlag vegna húsnæðis einnig breytilegt eftir flokkum. Menntamálaráðuneytið mun næstu vikur ganga til samninga við aðra skóla á háskólastigi um fjárveitingar á grundvelli þessara reglna.

Ný vefsíða þróunarskóla í upplýsingatækni

Ný vefsíða þróunarskóla í upplýsingatækni var tekin í notkun í byrjun september. Markmiðið með síðunni er að miðla upplýsingum um það þróunarsarf sem fram fer á sviði upplýsingatækni bæði innan þróunarskóla og almennt í skólakerfinu. Á síðunni verða

veittar upplýsingar um námskeið, verkefni, styrki og erlent samstarf um upplýsingatækni og fluttar fréttir af atburðum á þessu sviði. Sex skólar á grunn- og framhaldsskólastigi hafa verið valdir til þess að vera þróunarskólar í upplýsingatækni og munu þeir miðla upplýsingum

um starf sitt á vefsíðunni. Sem dæmi má nefna að á vegum þriggja þróunarskóla er nú boðið upp á fjarnámskeið fyrir framhaldsskólakennara um notkun upplýsingatækni í kennslu. Sjá nánari upplýsingar á vefsíðunni. Slóðin er: www.ismennt.is/vefir/utskolar.

Samráð um þróun háskóla í Evrópu og hindrunum landa í milli rutt úr vegi

Haldin var ráðstefna um miðjan júní sl. um æðri menntun í Bologna á Ítalíu í boði Háskólans í Bologna, ítalska mennta- og vísindamálaráðuneytisins og samstarfsnefndar ítalskra rektora, í samvinnu við samstarfsnefnd evrópskra háskólarektora.

Til ráðstefnunnar var boðið fulltrúum stjórnvalda í mennta- og vísindamálum og rektorum og prófessorum í háskólum í Evrópu.

Guðríður Sigurðardóttir ráðuneytisstjóri sótti ráðstefnuna fyrir hönd menntamálaráðuneytis og ráðherrafund sem haldinn var í tengslum við hana. Dr. Jón Torfi Jónsson prófessor sótti ráðstefnuna af hálfu Háskóla Íslands.

Á ráðstefnunni voru flutt mörg fróðleg erindi um málafni háskóla og var ráðstefnan mjög vel sótt af rektorum og prófessorum háskóla í Evrópu.

Ítalski mennta- og vísindamálaráðherrann stýrði ráðherrafundinum þar sem Bologna-yfirlýsingin var undirbúin. Undanfari hennar er Sorbonne-yfirlýsing sem fjórir ráðherrar höfðu undirritað í Sorbonne í maí 1998 um málafni háskóla í Evrópu.

Kjarni Bologna-yfirlýsingarinnar er ákveðið samráð

um þróun háskóla í Evrópu og að hindrunum landa í milli verði rutt úr vegi. Var yfirlýsingin undirritað af ráðherrum og embættismönnum þeirra 29 þjóða sem sátu fundinn í Háskólanum í Bologna.

Í raun má segja að það samræmi sem að er stefnt með Bologna-yfirlýsingunni sé það kerfi sem er við lýði hér á landi en nauðsynlegt hefur verið fyrir íslenskt háskólastig að laga sig að mismunandi háskólakerfum þar sem íslenskir nemendur hafa sótt framhaldsnám til mismunandi landa í marga áratugi.

Lögð er á það áhersla að ekki verði vegið um of að sjálfstæði háskóla þannig að löndin hafi ásættanlegt svigrúm til að skipuleggja eigin kerfi. Ljóst er að Frakkar, Ítalir og Þjóðverjar leggja mesta áherslu á þessa samvinnu þar sem þeir telja kerfi sinna landa of þunglamaleg. Mikill þrýstingur er frá nemendum þessara landa að ryðja hindrunum úr vegi.

Var boðað til ráðherrafundar að tveimur árum liðnum í Prag til að ræða framvindu mála.

Bologna-yfirlýsingin sem er á ensku er á heimasíðu menntamálaráðuneytis www.mrn.stjr.is.

Umgengnisreglur og leiðbeiningar um öryggi á sundstöðum

Í reglum um sundstaði er mælt fyrir um það hvernig sýnd skal aðgát og góð framgangna á sundstöðum og við kennslulaugar. Reglurnar eiga í senn að minna á nauðsyn þess að hver og einn hugi að eigin öryggi og stuðla að því að vinsamlegt og gott andrúmsloft ríki manna á meðal á þessum fjölförnu og vinsælu stöðum.

Nefnd sérfróðra manna á vegum menntamálaráðuneytisins vann í samvinnu og samráði við fjölmarga aðila að því að semja reglurnar. Voru þær fyrst gefnar út 1994 og síðan endurskoðaðar á síðasta ári.

Í framhaldi af útgáfu þessara reglna hefur menntamálaráðuneytið gefið út kynningarrit sem sérstaklega er ætlað foreldrum og forráðamönnum barna og unglinga, sem eru að hefja sundnám og þátttöku í sundiðkun. Þar eru fyrrgreindar reglur kynntar og bent á að þær eigi erindi til allra sundgesta yngri sem eldri og starfsfólks sundstaða.

Hafin er dreifing á kynningarritinu til skóla, sundstaða og ýmissa stofnana þar sem vænta má þess að unnt verði að ná til sem flestra sundgesta. Þess er vænst að ritið stuðli enn frekar að öryggi á sundstöðum.



Íslendingar könnuðu nýja heiminn

Niðurstöður rannsókna sem styrkja hlut Íslands í landafundum Norður-Ameríku voru undir lok ágúst mánaðar kynntar af menntamálaráðherra Birni Bjarnasyni og Kevin H. Smith, aðstoðarforstöðumanni mannfræðideildar við Vísindasafnið í Buffalo, en hann stjórnadi rannsókninni. Samtímis voru niðurstöður rannsóknanna kynntar í Bandaríkjunum með till kynningu frá Vísindasafninu í Buffalo.

Rannsókn Smiths ber bríður á viðteknar skoðanir um að landkönnuðir í Norður-Ameríku hafi eingöngu komið frá Noregi eða Grænlandi.

Sagan segir að Leifur Eiríksson hafi verið fyrsti Evrópumaðurinn til að stíga fæti á meginland Ameríku, sem norrænir menn kölluðu Vínland, og að Snorri Þorfinnsson hafi verið fyrsta barnið af evrópsku foreldri sem fæddist í Ameríku. Einu kunnu víkingaaldarminjarnar í Norður-Ameríku er að finna í L'Anse aux Meadows, við norður-odda Nýfundnlands. Fornleifar voru grafn-

ar þar upp frá 1961 til 1976 og benda til þess að þar hafi norrænir menn haft bækistöð er þeir könnuðu nýja heiminn. Þar var hins vegar fátt að finna sem skýrt gæti hverjir hefðu byggt staðinn eða hvaðan þeir hefðu verið.

Fáir Bandaríkjamenn tengja Ísland við fund nýja heimsins

Árið 1997 var Smith beðinn af þjóðgörðum Kanada sem hefur umsjón með fornminjunum, að athuga nokkur jaspisáhöld frá L'Anse aux Meadows. Jaspis, sem víkingar notuðu til að kveikja eld, er rauður steinn sem líkist tinnu. Með því að bera áhöldin saman við jaspissýni var markmið rannsókna Smiths að komast að því hvaðan víkingarnir komu og hvaða lönd þeir könnuðu.

Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að L'Anse aux Meadows hafi verið miðstöð viðamikillar könnunarferðar norrænna manna til Norður-Ameríku og telur Smith að jaspis frá Íslandi á staðnum sé fyrsta vís-

indalega tengingin milli staðarins og Íslands. Hann benti á að kennslubækur í Bandaríkjunum og Kanada fjalli yfirleitt um Eirík rauða og Leif Eiríksson sem Norðmenn eða Grænlandinga. Fáir Bandaríkjamenn tengi Ísland við fund nýja heimsins. Rannsóknir hans bendi hins vegar til þess að Íslendingar hafi að öllum líkindum átt mikinn þátt í könnun hans.

Einnig er mikilvægt að jaspis fannst bæði frá Grænlandi og Íslandi. Í sögulegum heimildum er einungis getið um eina könnunarferð með þátttöku bæði Íslendinga og Grænlandinga. Snorri Þorfinnsson fæddist í Straumfirði, þar sem þeir reistu sér bústað. Smith telur þessar nýju vísbendingar benda til þess að L'Anse aux Meadows kunni að vera heimili Snorra – fyrsti bústaður Evrópumanna í nýja heiminum.

Rannsóknarverkefnið var stutt af íslenska menntamálaráðuneytinu, þjóðgörðum Kanada og vísindasafninu í Buffalo.

Skólameistari Verkmenntaskólans á Akureyri



Hjalti Jón Sveinsson hefur verið skipaður skólameistari Verkmenntaskólans á Akureyri til fimm ára. Hjalti er með BA próf í íslensku (með norsku sem aukagrein) og uppeldis- og kennslufræði frá Háskóla Íslands auk Cand. mag. prófs í íslensku frá Háskóla Íslands. Hjalti hefur kennt íslensku við ýmsa framhaldsskóla en frá árinu 1995 gegndi hann embætti skólameistara Framhaldsskólans að Laugum.

Skólameistari Framhaldsskólans að Laugum



Valgerður Gunnarsdóttir hefur verið skipuð skólameistari Framhaldsskólans að Laugum til fimm ára. Valgerður lauk BA prófi í íslenskum fræðum og almennum bókmenntum frá Háskóla Íslands og prófi í uppeldis- og kennslufræðum frá Háskólanum á Akureyri. Valgerður hefur starfað við Framhaldsskólann á Húsavík frá árinu 1987. Hún hefur setið í bæjarstjórn Húsavíkur um árabil og var forseti hennar á árunum 1994 til 1996.



Menntamálaráðherra er með í athugun hvort ekki sé skynsamlegt að hafa það sem markmið, að allir nemendur í íslenskum framhaldsskólum hafi eigin fartölvu til umráða við nám sitt. Fyrstu niðurstöður benda til þess, að frá fjárhagslegum og tæknilegum sjónarhóli sé þessi hugmynd ekki fráleit. Er þá gert ráð fyrir, að hugsanlega kunni nemendum að verða veittur einhver fjárhagslegur stuðningur við að eignast tölvuuna. Reynist þetta skynsamlegur kostur með tilliti til ráðstöfunar á opinberu fé og til að styrkja þekkingaröflun nemenda, mun menntamálaráðherra beita sér fyrir því að þessari hugmynd verði hrundið í framkvæmd. Verði horfið að þessu ráði mun það á skömmum tíma breyta öllum kennsluháttum á framhaldsskólalagum og viðhorfi til framhaldsnáms.

Áherslubreytingar í Þjóðminjasafni

Forsvarsmenn Þjóðminjasafnsins hafa kynnt menntamála-ráðuneytinu nýjar áherslur í starfsemi safnsins. Þeir telja safnið vera í endurmótun og það þurfi stöðugt að laga að breyttu samfélagi. Hlutverk safnsins eigi að skilgreina að nýju með hliðsjón af ýmsum breytingum sem átt hafa sér stað á viðfangs-efnum minjavörslunnar.

Eftirfarandi áhersluatriði voru kynnt:

- **Dreifð ábyrgð.** Þjóðminjasafnið telur æskilegt að styðja þá þróun undanfarinna ára að dreifa ábyrgð á minjavörslu, fornleifaskráningu o.fl. enda takist sífellt fleiri hæfir aðilar þessi verkefni á hendur.
- **Nýir möguleikar vegna hagstæðra skilyrða.** Með bættum efna-hag og auknum skilningi á mikilvægi minjavörslu hafa aðstæður til varðveislu menningarminja breyst og það er mat Þjóðminjasafnsins að hægt sé að sýna og varðveita menningarminjar víða um land þar sem áhugi og aðstæður séu fyrir hendi.
- **Eftirlits- og leiðbeiningarhlutverk.** Safnið álitur að jafnframt því að geta og áhugi annarra stofnana og fyrirtækja á sviði minjavörslu vaxi gefist safninu aukið svigrúm til að sinna eftirlits- og leiðbeiningarhlutverki en láta í auknum mæli aðra aðila annast framkvæmdir.
- **„Þjóðminjar á ferð um landið“.** Undir þessu heiti mun Þjóðminjasafnið efna til fjölbreyttra farsýninga á þjóðminjum. Verkefnið mun marka upphaf viðmótsbreytingar safnsins gagnvart landsbyggðinni. Aukin áhersla verður lögð á starfsemi þess þar og jafnframt mun safnið fela minjasöfnunum í auknum mæli varðveislu menningarminja. Þegar hafa verið lögð drög að slíkri samvinnu.
- **Sarpur.** Þjóðminjasafnið hefur í samstarfi við tölvufyrirtækið Hugvít þróað öflugan gagnagrunn um íslenskar menningarminjar, sem hlotið hefur heitið Sarpur. Stefnt er að því að samræma skráningu menningarminja í landinu, færa í grunninn fornleifaskrár og aðrar skrár sem þegar eru til og skrá allar þekktar minjar. Þjóðminjasafnið telur brýnt að efnt verði til átaks um skráningu fornminja, muna, mynda og þjóðháttæfnis á næstu árum og upplýsingar færðar inn í Sarp. Slík vinna gæti sem best farið fram um allt land.
- **Fornleifaskráning.** Samkvæmt þjóðminjalögum skal fornleifaskráning fara fram á skipulagsskyldum svæðum áður en gengið er frá skipulagi eða endurskoðun þess. Þjóðminjasafnið leggur til að gerð verði áætlun um fornleifaskráningu um allt land.
- **Húsasafnið.** Víða um land hefur tekist samvinna við heimamenn um rekstur húsa í húsasafni Þjóðminjasafnsins og

unnið er markvisst að því að auka hana. Hagnýtt gildi húsasafnsins í tengslum við ferðaþjónustu er augljóst og vex frá ári til árs að mati safnsins.

Eftir að ráðherra og starfsmönnum ráðuneytisins hafði verið kynnt þessi stefna var þeim boðið að skoða bækistöðvar Þjóðminjasafnsins við Vesturvör í Kópavogi, þar sem nýjar geymslur og forvörsludeildir safnsins eru til húsa. Húsnæðið hefur verið innréttað til að mæta ýrtrustu kröfum um varðveislu



Ljósm. Vákur

Vesturvör í Kópavogi, þar sem nýjar geymslur og forvörsludeildir safnsins eru til húsa.

muna m.a. annars með fullkomnu eldvarnarkerfi. Með flutningi safnmuna hefur gefist færi á endurskráningu þeirra auk þess sem nýju geymslurnar bæta mjög aðgengi að þeim og fæst þá betri yfirsýn yfir allt safnið. Þá fengu gestir að sjá þá möguleika sem nýja skráningarkerfið Sarpur hefur að bjóða við skráningu muna.



Ljósm. Bára

Walter Schwimmer framkvæmdastjóri Evrópuráðsins var í opinberri heimsókn á Íslandi 6. september sl. samhliða fundi stjórnmalá-nefndar Evrópuráðsþingsins sem haldinn var hér á landi. Myndin er tekin þegar Walter Schwimmer átti fund með menntamálaráðherra.

Innritun í framhaldsskóla skólaárið 1999 - 2000

Innritun í framhaldsskóla fór fram fyrstu vikuna í júní eins og venjulega. Nemendur sem útskrifuðust úr grunnskóla voru örlítið færri en árið áður. Samkvæmt upplýsingum frá framhaldsskólum er fjöldi nemenda í þeim mjög svipaður og í fyrra miðað við 1. september sl. Í upphafi skólaárs 1998 var 16.961 nemandi skráður í framhaldsskólana samanborið við 16.904 nemend-



ur 1. september 1999. Ef lítið er á innritunina eftir landshlutum er ekki um umtalsverða breytingu að ræða. Nemandafjöldi í flestum landshlutum er svipaður og árið áður þótt einhverjar

breytingar hafi orðið í einstökum skólum. Flestir skólar hafa getað tekið við þeim nemendum sem þangað sækja beint úr grunnskóla þótt í einstaka tilvikum hafi orðið að vísa nemendum á aðra skóla vegna þrengsla. Aðsókn í öldungadeildir eða kvöldskóla er meiri á höfuðborgarsvæðinu en í fyrra en á landsbyggðinni stendur hún í stað eða hefur dalað.

Ráðgjafi í málefnum framhaldsskóla

Menntamálaráðherra Björn Bjarnason hefur ráðið Hörð Lárusson, deildarstjóra, sem sérstakan ráðgjafa sinn í málefnum framhaldsskólans. Hörður hefur starfað í menntamálaráðuneytinu frá árinu 1974, lengst af sem deildarstjóri framhalds-



Ljósmynd: Bára

Aðalsteinn Eiríksson

skóla- og fullorðinsfræðsludeildar ráðuneytisins. Tilgangurinn með ráðningu sérstaks ráðgjafa um málefni framhaldsskóla er að tryggja framgang veigamikilla verkefna er snerta framhalds-



Hörður Lárusson

skólastigið og er liður í því að ný skólastefna menntamálaráðherra og framhaldsskólalög komist til fullra framkvæmda. Meðal helstu verkefna ráðgjafa um málefni framhaldsskóla eru:

- Undirbúningur að ákvörðun um inntökuskilyrði á brautir framhaldsskóla.
- Undirbúningur að framkvæmd samræmdra prófa í framhaldsskólum.
- Skilgreining á lágmarkskennslustundafjölda í hverri grein.
- Eftirlit með framkvæmd og gildistöku nýrrar aðalnámskrár framhaldsskóla.
- Almenn upplýsingamiðlun til skólafólks, nemenda og almennings um nýtt framhaldsskólakerfi.
- Skilgreining á inntöku nemenda, einkum starfsnámsnemenda, í háskóla.
- Undirbúningur að styttingu framhaldsskólans í þrjú ár.

Við starfi deildarstjóra framhaldsskóla- og fullorðinsfræðsludeildar menntamálaráðuneytisins tekur Aðalsteinn Eiríksson, skólameistari Kvennaskólans í Reykjavík. Aðalsteinn hefur undanfarið ár verið í leyfi frá Kvennaskólanum og gegnt stöðu ráðgjafa við gerð árangursstjórnunarsamninga við framhaldsskóla á vegum menntamálaráðuneytis og fjármálaráðuneytis.

Sérfræðingur á almennt svið



Bergdís Linda Kjartansdóttir hefur verið ráðin sem sérfræðingur á almennt svið í menntamála- ráðneytinu. Verkefni hennar


eru m.a. aðstoð við heimasíðugerð, útgáfu- og upplýsingamál. Bergdís er með BA próf í íslensku og uppeldis- og kennslufræði frá Háskóla Íslands. Síðastliðin þrjú ár hefur hún verið íslenskukennari við Fjölbrautaskólann í Breiðholti.

Sérfræðingur í mats- og eftirlitsdeild



Unnar Hermannsson hefur verið ráðinn sérfræðingur í mats- og eftirlitsdeild í skrifstofu menntamála og vísinda. Unnar

lauk BA gráðu frá Háskóla Íslands 1997 og MAS gráðu í alþjóðastjórnnumálum frá London School of Economics and Political Science 1998. Unnar hefur starfað sem deildarstjóri á Alþjóðaskrifstofu háskólastigsins og sem stundakennari við Háskóla Íslands.



Svandís Skúladóttir létur af störfum

Svandís Skúladóttir deildarstjóri í menntamálaráðuneytinu hefur látið af störfum vegna aldurs. Hún var sett fulltrúi í janúar 1974 og skipuð ári síðar. Svandís hefur verið deildarstjóri leikskólamála frá árinu 1989. Hún hefur gegnt formennsku í ýmsum nefndum á vegum ráðuneytisins, haft umsjón með vinnu við Uppeldisáætlun og aðalnámskrá leikskóla ásamt ýmsum öðrum verkefnum sem henni hafa verið falin á vegum menntamálaráðuneytisins. Í tilefni starfsloka hennar var hún kvödd í ráðuneytinu hinn 15. september sl. og þakkað farsælt starf.

Sérfræðingur í háskóla- og vísindadeild



Sveinbjörn Hannesson hefur verið ráðinn sérfræðingur í háskóla- og vísindadeild í skrifstofu menntamála og vísinda.

Hann lauk BA prófi í stjórnnumálfræði frá Háskóla Íslands 1992 og MA prófi í alþjóðastjórnnumálum frá Kaupmannahafnarháskóla árið 1995. Að námi loknu starfaði Sveinbjörn við kennslu og blaðamennsku og frá 1996 til 1997 á Alþjóðaskrifstofu háskólastigsins. Síðustu tvö ár hefur hann starfað á Tækniskrifstofu Sókratesáætlunarinnar í Brussel.

Deildarstjóri á almennt svið

Arnór Guðmundsson hefur verið ráðinn deildarstjóri í þróunar- og áætlunadeild á almennu sviði.



Starfið felst m.a. í því að hafa umsjón með framkvæmd stefnu menntamálaráðuneytisins á sviði upplýsingatækni. Arnór hefur doktorsgráðu í félagsfræði frá Minnesotaháskóla. Arnór starfaði

áður sem deildarsérfræðingur í mats- og eftirlitsdeild ráðuneytisins. Pétur Ásgeirsson sem áður gegndi deildarstjórastarfinu starfar nú hjá utanríkisráðuneytinu.

Deildarstjóri í háskóla- og vísindadeild



Hellen M. Gunnarsdóttir hefur tekið við deildarstjórastöðu í háskóla- og vísindadeild í skrifstofu menntamála- og vísinda.

Hellen hefur frá 1998 starfað í sömu skrifstofu en fyrir þann tíma til nokkurra ára í Háskóla Íslands. Áður en Hellen hóf störf hjá ráðuneytinu dvaldist hún í Brussel og starfaði sem sérfræðingur í menntamálaráðuneyti Evrópusambandsins. Hellen er með MA próf í fjölmiðla- og samskiptafræðum frá University of Southern California, Annenberg School of Communication, Los Angeles.

Áhugaleikfélög styrkt

Víða á landsbyggðinni er þróttmikið starf áhugaleikfélaga. Um langt árabíl hafa verið veittir styrkir til starfseminnar af fjárlögum.

Á fjárlögum fyrir árið 1999 nema styrkveitingar til áhugaleikfélaga 16,2 millj. kr.

Veittir eru styrkir til leiksýninga, skemmtidagskráa, bókmenntakynninga og námskeiða.

Á þessu ári bárust umsóknir frá 48 leikfélögum vegna 93 leiksýninga og dagskráa, 23 vegna námskeiða og 39 vegna þátttöku í Leiklistarskóla Bandalags íslenskra leikfélaga. Hámarksstyrkur fyrir einstakt sýningarverkefni nam í ár 229 þús. kr.

Dagur íslenskrar tungu 16. nóvember

Haustið 1995 ákvað ríkisstjórnin, að tillögu menntamálaráðherra, að 16. nóvember ár hvert, fæðingardagur Jónasar Hallgrímssonar, yrði dagur íslenskrar tungu. Þá beiti menntamálaráðuneytið sér fyrir sérstöku átaki í þágu móðurmálsins og verði dagurinn helgaður rækt við það. Með því móti beindist athygli þjóðarinnar að stöðu tungunnar, gildi hennar fyrir þjóðarvitund og alla menningu.

Dagur íslenskrar tungu var fyrst haldinn hátíðlegur árið 1996. Fjölmargir aðilar lögðu hönd á plóg og efndu til viðburða af þessu tilefni. Má þar nefna fjölmíðla, skóla, stofnanir og félög. Menntamálaráðuneytið hélt hátíðar-

samkomu og menntamálaráðherra veitti í fyrsta sinn Verðlaun Jónasar Hallgrímssonar og sérstakar viðurkenningar fyrir störf í þágu móðurmálsins.

Nemendur völdu besta útvarpsmanninn

Dagur íslenskrar tungu hefur síðan verið haldinn hátíðlegur með svipuðu móti og sífellt fleiri aðilar taka virkan þátt í hátíðahöldunum með ýmsum hætti. Í fyrra var sú nýbreytni að nemendur nokkurra framhaldsskóla völdu besta útvarpsmanninn, þar sem tekið var tillit til framsagnar, málfars og skýr- ar framsetningar. Þetta verður gert aftur að þessu sinni og er von til þess að allar

útvarpsstöðvar landsins og sem flestir framhaldsskólar verði með. Heimasíða dags íslenskrar tungu verður opnuð innan skamms undir síðu ráðuneytisins og þar verður m.a. að finna hugmynda- banka fyrir öll skólastig um sérstök verk- efni er tengjast íslenskri tungu.

Á degi íslenskrar tungu eru árlega veitt Verðlaun Jónasar Hallgrímssonar og þá eru jafnframt veittar sérstakar viðurkenningar fyrir störf í þágu móðurmálsins.

Nánari upplýsingar eru á heimasíðu www.mrn.stjr.is

N Ý A Ð A L N Á M S K R Á G R U N N S K Ó L A

18 milljónir til endurmenntunar grunnskólakennara

Menntamálaráðherra setti á stofn Endurmenntunarsjóð grunnskólakennara á þessu ári með 18 milljóna króna framlagi af því fé sem veitt er í fjárlögum 1999 til að fylgja eftir nýrri aðalnámskrá grunnskóla. Í þriggja manna stjórn Endurmenntunarsjóðs, sem gerir tillögur til menntamálaráðherra um styrkveitingar, eru fulltrúar ráðherra, Sambands íslenskra sveitarfélaga og samtaka kennara og skólastjóra. Með stofnun sjóðsins var fé til endurmenntunar grunnskólakennara um það bil tvöfaldað því Kennaraháskóli Íslands hefur eftir sem áður álíka fjárveitingu til almennrar endurmenntunar á árinu 1999.

Í mars 1999 var í fyrsta sinn auglýst eftir umsóknum í sjóðinn. Alls bárust umsóknir frá 49 aðilum um framlög til 150 verkefna. Um framlög úr sjóðnum gátu þeir sótt sem höfðu hug á að standa að endurmenntun fyrir grunnskólakennara á árinu 1999 t.d. kennaramenntunarstofnanir, skólaskrifstofur, sveitarfélög, skólar, félög og fyrirtæki. Samanlögð upphæð um-

sókna var um 52 milljónir króna. Menntamálaráðherra féllst á tillögur stjórnar sjóðsins um að veita 34 aðilum styrki að upphæð alls um 18 milljónir króna til 60 verkefna.

Mikill hugur var í skólaskrifstofum og fagfélögum kennara en um 36% allra umsókna komu frá skólaskrifstofum og um 18% frá fagfélögum. Að mati menntamálaráðuneytisins skiptir áhugi þessara aðila verulegu máli því það ræðst einkum af viðbrögðum kennara og starfsmanna skólaskrifstofa hversu fljótt og vel ný aðalnámskrá kemst í framkvæmd.

Umtalsverður fjöldi umsókna var um endurmenntun á sviði upplýsingatækni en einnig voru margar umsóknir um styrki til námskeiðahalds í námsgreinum sem áhersla er lögð á í nýrri námskrá, svo sem erlend tungumál, náttúrufræði og lífsleikni.

Flest námskeiðin voru haldin í sumar og var aðsókn almennt góð.

Nýjar og breyttar áherslur í aðalnámskrá framhaldsskóla

Aðalnámskrá framhaldsskóla tók formlega gildi 1. júní 1999 og skal vera komin að fullu til framkvæmda að fimm árum liðnum. Námskráin er gefin út í eftirfarandi 10 heftum:

- almennur hluti.
- erlend tungumál
- íslenska
- íþróttir
- listir
- lífsleikni
- náttúrufræði
- samfélagsgreinar
- stærðfræði
- upplýsinga- og tæknimennt.

Í almennum hluta aðalnámskrár er fjallað um hlutverk og markmið framhaldsskóla, uppbyggingu náms og námsleiðir, almenn inntökuskilyrði, skólanámskrá, réttindi og skyldur nemenda, svo dæmi séu tekin.

Í námskrám einstakra námsgreina og í námskrám fyrir sérgreinar starfsnáms eru m.a. skilgreind markmið náms, gefnar ábendingar um nám og kennslu, námsmat, áfangalýsingar svo og lýsingar á námskipan þar sem það á við.

Unnið hefur verið að gerð nýrra námskráa í sérgreinum starfsnáms jafnt og þétt á liðnum árum. Þetta verkefni er nú í höndum 14 starfsgreinaráða sem eru mislangt komin í vinnu sinni.

Námskrár í sérgreinum starfsnáms verða einnig gefnar út í sérstökum heftum og er stefnt að því að þær komi út um næstu áramót í sömu ritröð og áður nefndar námskrár. Þessar námskrár verða gefnar út aftur þegar starfsgreinaráð hafa gengið frá tillögum um nýjar námskrár og þær verið staðfestar af ráðherra.

Í aðalnámskrá framhaldsskóla er að finna ýmsar nýjar og breyttar áherslur og eru þessar helstar:

- Markmið náms og kennslu eru sett fram með skýrari hætti í nýrri námskrá en var í þeirri fyrri. Það verður því auðveldara fyrir nemendur og að-

standendur þeirra að fylgjast með framvindu námsins og árangri nemenda í námi.

- Lögð er áhersla á aukið sjálfstæði nemenda. Þannig er gert ráð fyrir að þeir hafi meira um það að segja en áður hvaða námsgreinar þeir leggja stund á og geti valið greinar með hliðsjón af því framhaldsnámi sem þeir stefna að að loknu námi í framhaldsskóla.
- Námsbrautir eru skilgreindar þannig að sérhæfing verður nokkru meiri en samkvæmt fyrri námskrá og undirbúningur fyrir störf og frekara nám markvissari en áður. Auk þess hafa nemendur meira svigrúm til velja námsgreinar í samræmi við áhugasvið sín.
- Bóknámsbrautum fækkar frá því sem verið hefur og í námskránni er skilgreind sérhæfð listnámsbraut.
- Þjónusta við fatlaða nemendur verður aukin og auk þess er gert ráð fyrir sérstöku framboði náms fyrir nemendur sem ekki uppfylla skilyrði til inngöngu á einstakar námsbrautir framhaldsskólans. Stefnt er að því að námið verði sniðið að þörfum hvers og eins eftir því sem kostur er.
- Stofnuð hefur verið ný námsbraut í tilraunaskyni, upplýsinga- og tæknibraut. Námi á brautinni er ætlað að stuðla að almennu tæknilæsi nemenda í framhaldsskóla, jafnframt því sem náminu er ætlað að gefa nemendum sem það kjósa, kost á heildstæðum undirbúningi undir fræðilegt tækninám á háskólastigi, svo sem í verkfræði, tæknifræði, tölvunarfræði og kerfisfræði.




- Sett verða inntökuskilyrði á einstakar brautir framhaldsskólans sem taka mið af náms-

árangri nemenda við lok grunnskóla.

- Settar eru fram skýrari reglur um réttindi og skyldur nemenda og skóla með hliðsjón af gildandi lagaákvæðum.
- Lögð verður áhersla á að nemendur fái tækifæri til að sanna þekkingu sína í tiltekinni grein eða á tilteknu sviði með því að fara í stöðupróf. Með þessum hætti geta nemendur til dæmis fengið viðurkennda þekkingu og reynslu sem þeir búa yfir en hefur ekki verið aflað með hefðbundnum hætti í skóla.
- Stefnt er að auknum áhrifum atvinnulífsins á nám og kennslu í starfsnámi. Starfsgreinaráð skilgreina þarfr starfsgreina fyrir kunnáttu og hæfni starfsmanna og setja fram markmið námsins.
- Lögð er áhersla á tölvunotkun í almennu námi, þannig að nemendur læri að nota bæði hugbúnað og tölvubúnað er hæfir hverju viðfangsefni. Jafnframt eiga nemendur þess kost að læra undirstöðuatriði tölvufræða svo sem forritun.
- Nemendur sem hafa annað móðurmál en íslensku og íslenskir nemendur sem hafa dvalið langdvölum erlendis og hafa litla kunnáttu í móðurmálinu eiga rétt á sérstakri kennslu í íslensku. Nám fyrir þessa nemendur er skilgreint í námskrá og þar er einnig gerð grein fyrir kennslu í íslensku táknmáli fyrir heyrnarlausu.
- Möguleikar nemenda til frekara náms að loknu námi í framhaldsskóla verða skilgreindir með skýrari hætti en áður og útgönguleiðum fjölgað.
- Lögð verður áhersla á mat á skólastarfi, bæði sjálfsmat skóla svo og ytra mat.
- Samkvæmt námskránni á hver skóli að gefa út skólanámskrá þar sem gerð er grein fyrir starfi viðkomandi skóla, lýst sérkennum hans og sérstöðu, námsframboði, reglum sem gilda innan skólans svo og öðru sem varðar starfsemi hans.

Íslenska námslánakerfið til eftirbreytni fyrir önnur lönd?

Íslenska námslánakerfið er fyrir margra hluta sakir athyglisvert og virðist vera það fyrirkomulag sem mörg önnur Evrópulönd telja vert eftirbreytni, segir í nýútgefni skýrslu á vegum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, Key Topics in education. Financial support for students in higher education in Europe. Trends and debates. Tiltölulega fá Evrópulönd



hafa þróað beint námslánakerfi sem nær til allra sem vilja leggja stund á háskólanám. Er þar einungis um að ræða Norðurlöndin, Bretland, Írland og Holland. Í flestum öðrum Evrópulöndum er um að ræða styrkjafyrirkomulag eða styrki og lán sem einungis hluti námsmanna getur fengið og eru þeir valdir með tilliti til tekna foreldra. Einnig getur verið um að ræða óbeina aðstoð við foreldra gegnum skattkerfið. Erfitt er að meta hvernig slík

aðstoð skilar sér til námsmanna. Námsmenn víðast hvar í Evrópu eru því mjög háðir foreldrum sínum um framfærslu og í einstaka tilvikum er jafnvel gert ráð fyrir að þeir séu meira og minna á framfæri foreldra sinna fram að 25 ára aldri. Upphæð beinna fjárstyrkja er yfirleitt ekki há og námsmenn geta því ekki framfleytt sér á þeim einum. Í sumum löndum geta námsmenn einnig tekið almenn bankalán til framfærslu. Í Þýskalandi er t.d. ákveðnum hópi námsmanna veittur styrkur sem skyldar þá einnig til að taka lán þannig að þeir geti framfleytt sér. Því virðist víðs fjarri að hægt sé að segja að ungt fólk í Evrópu standi jafnt að vígi þegar um nám á háskólastigi er að ræða.

Ísland er eitt af fáum löndum sem ekki hafa aldurstakmörk fyrir lántöku

Norðurlöndin skera sig mjög úr hvað varðar fjárhagslegt sjálfstæði námsmanna, en það hefur aukist jafnt og þétt á síðustu áratugum og eru námsmenn þar orðnir óháðir foreldrum sínum fjárhagslega. Reglan um fjárhagslegt sjálfstæði námsmanna hefur lengi þótt sjálf-sögð á Íslandi því að hún var mótuð hér á landi árið 1952. Ísland getur því talist í fararbroddi með tilliti til jafnréttis til fjárhagslegrar námsaðstoðar og í samanburði við önnur lönd er íslenska námslánakerfið skýrt og einfalt og öllum aðgengilegt. Ísland er einnig eitt af fáum löndum í Evrópu þar sem ekki hafa verið sett nein aldurstakmörk fyrir lántöku.

Þess er sérstaklega getið í ritinu að í þeim löndum þar sem styrkjakerfi hefur verið við lýði fari nú fram umræða um að

leggja það niður og koma á lánakerfi sem fleiri námsmenn geta þá notið góðs af en það stuðlar að frekara jafnrétti ungs fólks til háskólanáms, óháð tekjum foreldra. Bretland er dæmi um land þar sem þetta hefur tekist vel.

Fá kerfi taka jafnmikið tillit til aðstæðna

Í þeim löndum þar sem um námslán er að ræða eru lánakjörin yfirleitt ekki eins hagstæð og á Íslandi. Í flestum tilvikum byrja endurgreiðslur fyrr eftir að námi lýkur og einnig er endurgreiðslutíminn yfirleitt styttri. Í nokkrum löndum, s.s. Þýskalandi, Frakklandi og Ítalíu, geta fátækustu námsmennirnir tekið vaxtalaus lán. Þess er getið að á Norðurlöndunum og í Hollandi þar sem námsmenn eiga rétt á námsaðstoð sem er að mestu leyti í formi lána, séu vextir yfirleitt háir nema á Íslandi.

Fá önnur kerfi, ef nokkur, taka jafnmikið tillit til aðstæðna hvers einstaklings eins og íslenska námslánakerfið þar sem hér er tekið mið af tekjum námsmanns og maka en ekki einnig tekið tillit til tekna foreldra eins og gert er í flestum Evrópulöndum. Upphæð námsaðstoðar virðist einnig vera í hærra lagi hér á landi í samanburði við aðrar þjóðir.

Með tilliti til ríkisfjármála er einnig mikilvægt að tekist hefur að byggja upp fjárhag Lánasjóðs íslenskra námsmanna og tryggja þannig kynslóðum framtíðar námsaðstoð, án þess að eftirspurn eftir háskólanámi hafi dregist varanlega saman. Mjög aukin eftirspurn eftir námi á allra síðustu árum styður þetta enn frekar.

Hægt er að nálgast ritið Key Topics in education. Financial support for students in higher education in Europe. Trends and debates, á heimasíðu Eurydice, evrópska upplýsinganetsins um menntamál í Evrópu: www.eurydice.org